

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 11/96
frá 12. mars 1996**

um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

VI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/96 frá 26. janúar 1996⁽¹⁾.

Beiting ákvörðunar nr. 155 frá 6. júlí 1994 um sýnishorn af eyðublöðum sem eru nauðsynleg til framkvæmdar reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 (E 401-411) var staðfest fyrir nýju aðildarríkin Austurríki, Svíþjóð og Finnland með ákvörðun framkvæmdaráðs Evrópubandalagsins um félagslegt öryggi farandlaunþega nr. 157 frá 1. júlí 1995.

Ákvörðun nr. 155 frá 6. júlí 1994 um sýnishorn af eyðublöðum sem eru nauðsynleg til framkvæmdar reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 (E 401-411) sem samþykkt var af framkvæmdaráði Evrópubandalagsins um félagslegt öryggi farandlaunþega⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 29. lið (ákvörðun nr. 130) í VI. viðauka við samninginn:

⁽¹⁾ Hefur enn ekki verið birt.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 209, 5. 9. 1995, bls. 1.

„- 395 D 0353: Ákvörðun nr. 155 frá 6. júlí 1994 (E 401-411) (Stjtið. EB nr. L 209, 5. 9. 1995, bls 1.).“.

2. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 42. lið (ákvörðun nr. 147) í VI. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- 395 D 0353: Ákvörðun nr. 155 frá 6. júlí 1994 (E 401-411) (Stjtið. EB nr. L 209, 5. 9. 1995, bls 1.).“.

3. gr.

Fullgiltur texti ákvörðunar nr. 155 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. apríl 1996, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 12. mars 1996.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Benavides

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

M. Sucker